



Ólafur Ísliefsson, alþpm.

Reykjavík, 15. apríl 2019

Líkt og fram hefur komið í fyrri bréfaskrifum hefur forsætisnefnd Alþingis borist erindi átta þingmanna, dags. 3. desember 2018, um meint brot þín og þingmannanna Önnu Kolbrúnar Árnadóttur (AKÁ), Bergþórs Ólasonar (BÓ), Gunnars Braga Sveinssonar (GBS), Karls Gauta Hjaltasonar (KGH) og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (SDG) á siðareglum fyrir alþingismenn. Lýtur erindið að því að þú hafir á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 rætt „um aðra þingmenn og fleira fólk með ósæmilegum og niðrandi hætti eins og greint [hafi] verið frá ífjöldum“. Vísað er til þess að erindið snúist um að forsætisnefnd fjalli um hvort innihald og efni samtala þingmannanna sem tekin voru upp af öðrum gestum, dreift til fjölmiðla og hafa verið gerð opinber, „brjóti í bága við siðareglur alþingismanna“.

Með bréfi þessu er ætlunin að kynna hvernig forsætisnefnd hyggst afmarka grundvöll málsins, sbr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn (málsmeðferðarreglur) og gefa þér á þeim grundvelli kost á að skýra afstöðu þína til málsins og koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum, sbr. 2. mgr. 17. gr. siðareglina fyrir alþingismenn og 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglna. Að fengnum skýringum þínum mun forsætisnefnd meta sjálfstætt hvort tilefni sé til þess að óska álits siðanefndar, sbr. 1. mgr. 16. gr. siðareglina fyrir alþingismenn og 1. mgr. 4. gr. málsmeðferðarreglna.

## 1. Málsmeðferð og samskipti.

Með bréfi 7. varaforseta, dags. 24. janúar sl., var þér tilkynnt að hún og 8. varaforseti hefðu tekið við meðferð erindis um mögulegt brot á siðareglum þar sem forseti Alþingis og varaforsetar höfðu sagt sig frá málinu. Var þér gefinn kostur á að setja fram athugasemdir við málsmeðferðina. Með bréfi, dags. 31. janúar sl., settir þú og Karl Gauti Hjaltason (KGH) fram athugasemdir við undirbúning og aðdraganda að kosningu varaforsetanna tveggja, kosningu þeirra og verksvið hinnar tímabundnu forsætisnefndar ásamt því að óska eftir upplýsingum um framhald málsins. Var því erindi svarað með bréfi 7. varaforseta, dags. 4. febrúar sl., og fylgdu gögn málsins bréfinu, þ.e. fundargerðir forsætisnefndar, uppritun á hljóðupptökum frá veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 ásamt samantekt fréttaumfjöllunar um

málið. Var jafnframt upplýst að forsætisnefnd hefði ákveðið að leita álits siðanefndar skv. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn á gildissviði siðareglnanna.

Með bréfi ykkar KGH til forsætisnefndar, dags. 6. febrúar sl., voru fyrri sjónarmið ítrekuð, athugasemdir gerðar við uppritun hljóðupptaka og óskað eftir fundi með 7. og 8. varaforseta til að ræða málið. Með bréfi ykkar KGH, dags. 7. febrúar sl., til forsætisnefndar voru enn gerðar athugasemdir við uppritun hljóðupptakanna auk þess sem ósk um fund var ítrekuð. Með bréfi 7. varaforseta til þín og KGH, dags. 7. febrúar sl., var athugasemdum ykkar svarað og leitað sjónarmiða um hæfi nefndarmanna í siðanefnd og forsætisnefnd. Í tölvupósti þínum til 7. og 8. varaforseta, dags. 7. febrúar sl., var óskað upplýsinga um dreifingu málsgagns og var erindinu svarað með bréfi 7. varaforseta, dags. 8. febrúar sl.

Með bréfi ykkar KGH til forsætisnefndar, dags. 11. febrúar sl., var gerð krafa um að nefndin héldi sig við upprunalegt kvörtunarefni og ýmsar athugasemdir gerðar við uppritun hljóðupptaka. Með bréfi ykkar KGH til forsætisnefndar 14. febrúar sl. var erindi nefndarinnar um hæfi nefndarmanna í siðanefnd og forsætisnefnd svarað og ítrekuð ósk um fund með 7. og 8. varaforseta. Með bréfi 7. varaforseta, dags. 21. febrúar var leitast við að svara efnisatriðum erinda ykkar og veita sem gleggstar upplýsingar um málsmeðferðina. Með bréfi ykkar KGH, dags. 1. mars sl., var brugðist við því erindi 7. varaforseta.

Með bréfi frá 6. mars sl. tilkynnti 7. varaforseti um tafir á niðurstöðu siðanefndar um gildissvið siðareglna. Þann 25. mars sl. barst niðurstaða siðanefndar forsætisnefnd og var hún send þér samdægurs og veittur frestur til að bregðast við álitinu. Sá frestur var fram lengdur með bréfi 7. varaforseta, dags. 26. mars sl. Í bréfi til forsætisnefndar, dags. 1. apríl sl., er að finna athugasemdir ykkar KGH við álit siðanefndar.

## 2. Um gildissvið siðareglna fyrir alþingismenn og álit siðanefndar.

Með bréfi, dags. 4. febrúar sl., óskaði forsætisnefnd Alþingis eftir áliti siðanefndar, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 2. mgr. 4. gr. málsmeðferðarreglna, á því hvort háttarni þitt og umræddra þingmanna á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 félli undir opinbera framgöngu þína og snerti skyldur ykkar sem þjóðkjörinna fulltrúa, sbr. 2. gr. siðareglnanna. Álit siðanefndarinnar barst forsætisnefnd með bréfi formanns nefndarinnar 25. mars sl. Við afmörkun þess álitaefnis hvort siðareglur fyrir alþingismenn ættu við um úrlausnarefnið tók nefndin fram að slíkt réðist „af því hvort um „opinbera framgöngu” í skilningi reglnanna [væri] að ræða. Sömuleiðis [ráðist] það af inntaki þess að reglurnar „taki til starfa” alþingismanna, feli í sér „viðmið um háttarni þeirra”, „snerti skyldur þeirra” og „leiði af hlutverki þeirra” sem þjóðkjörinna fulltrúa“.

Eftir að hafa rakið nánar sjónarmið er lúta að hlutverki þjóðkjörinna fulltrúa og viðmið um háttarni þeirra við opinbera framgöngu í skilningi siðareglna, skýringargögn við ályktun Alþingis um siðareglur fyrir alþingismenn og um breytingu á þeim, benti meiri hluti siðanefndarinnar á að hugtakið opinber framganga væri þríþætt. „Í fyrsta lagi visi það til háttensis sem fram fari á opinberum vettvangi. Í öðru

*lagi, með hliðsjón af tilvísun 1. og 2. gr. reglnanna til alþingismanna og þjóðkjörinna fulltrúa, hafi það skírskotun til stöðu þingmanna sem opinberra persóna. Í þriðja lagi vísí það til þess að hátternið varði almenning, þ.e. sé opinbert málefni". Í niðurstöðu álitsins er komist að eftirfarandi niðurstöðu:*

Staða þingmanna sem þjóðkjörinna fulltrúa skiptir máli við mat á því hvort siðareglur alþingismanna gildi um það hátterni sem erindi forsætisnefndar lýtur að. Alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi. Sem slíkir njóta þeir sérstakra réttinda og bera skyldur umfram aðra, þar á meðal þær sem þeir hafa sett sér í siðareglum sínum. Meiri hluti siðanefndar lítur svo á að háttsemiskröfur siðareglanna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Þær taki ekki aðeins til eiginlegra starfa þingmanna heldur geti þær gilt um aðra hegðun eða hátterni, innan sem utan Alþingis, sem leiða megi af hlutverki þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa.

Siðareglur alþingismanna gilda um opinbera framgöngu alþingismanna. Meiri hluti siðanefndar lítur svo á að mat á því hvort tiltekin háttsemi falli undir gildissvið siðareglanna snúist um það hvort um framgöngu opinberra persóna á opinberum stað sé að ræða og að hún varði almenning. Það er mat meiri hluta siðanefndar að allir framangreindir þættir eigi við um þá háttsemi sem forsætisnefnd vísar til í erindi sínu. Alþingismenn eru opinberar persónur, sú háttsemi sem um ræðir átti sér stað á opinberum vettvangi og tengist málum sem hafa verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Þar sem hátternið varðar almenning verður ekki litið á þau atvik sem hér um ræðir sem einkasamtal.

Meiri hluti siðanefndar vill áréttu að með þessu er ekki veitt álit á því hvort um brot á siðareglum er að ræða.

**Í ljósi þess sem að framan er rakið er það niðurstaða meiri hluta siðanefndar að hátternið sem erindi forsætisnefndar lýtur að falli undir gildissvið siðareglna.**

Í niðurstöðu minni hluta siðanefndar er vakin athygli á ákveðnum efasemnum um gildissviðsákvæði siðareglanna en þær þó ekki taldar nægilega sterkar til að hafna niðurstöðu meiri hlutans.

Með bréfi, dags. 25. mars sl., var þér kynnt álit siðanefndarinnar og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum þínum við álitið. Athugasemdir þínar og KGH bárust 1. apríl sl. þar sem fram kemur að þú hafir litið svo á að umrætt samtal hafi verið einkasamtal og takir efnislega undir efasemdir í áliti minni hluta siðanefndar um að umrædd framganga falli ekki undir gildissvið siðareglanna. Í athugasemdunum er einnig vikið að því að Persónuvernd hafi málið til umfjöllunar á grundvelli meints brots á lögum um persónuvernd þar sem um ólögmæta upptöku á einkasamtali hafi verið að ræða. Ekki væri rétt að forsætisnefnd fjallaði frekar um „kvörtun“ átta þingmanna fyrr en niðurstaða Persónuverndar lægi fyrir.

Forsætisnefnd hefur kynnt sér og ígrundað álit siðanefndar og athugasemdir þínar af því tilefni og telur rétt að leggja til grundvallar niðurstöðu meiri hluta siðanefndar um að háttarni sex þingmanna á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 falli undir gildissvið siðareglna.

Forsætisnefnd vill áréttu að málið lýtur að mögulegum brotum á siðareglum fyrir alþingismenn. Meðferð málsins af hálfu forsætisnefndar er því óháð þeim þáttum málsins sem kunna að varða möguleg brot á lagareglum sem heyra undir önnur stjórnvöld, þ.m.t. Persónuvernd.

### 3. Um grundvöll málsins.

Ákvæði málsmeðferðarreglna gera ráð fyrir að sé máli ekki vísað frá eða fellt niður að fengnum skýringum þingmanns, sbr. 6. og 7. gr. reglnanna, fari um framhald þess skv. 8. gr. málsmeðferðarreglna, þ.e. að mál gefi að mati forsætisnefndar tilefni til nánari athugunar. Ákvæði 8. gr. er svohljóðandi:

Telji forsætisnefnd Alþingis að mál sé þannig vaxið að það gefi tilefni til nánari athugunar, og að því verði ekki lokið skv. 6. og 7. gr., skal nefndin, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, afmarka nánar þá háttsemi sem þingmaður er sakaður um og með hvaða hætti hún getur talist fela í sér brot á meginreglum um háttarni og hátternisskyldur alþingismanna, sbr. 6.-15. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Á þeim grundvelli leitar forsætisnefnd skýringa þingmannsins og að þeim fengnum lætur hún í té álit sitt á því hvort athafnir þingmanns brjóti í bága við meginreglur um háttarni og hátternisskyldur alþingismanna.

Forsætisnefnd tilkynnir þingmanni þeim sem í hlut á um niðurstöðu sína og ákveður, ef ástæða þykir til og hún er einhuga um, hvort birta skuli niðurstöðuna.

Þingmaður, sem hlut á að máli, getur ávallt krafist þess að mál sem hann varðar verði lagt fyrir siðanefndina og að álit hennar um mál hans verði birt á vef Alþingis.

Af 88. gr. þingskapa og 3. mgr. 18. gr. siðareglna leiðir að það er forsætisnefnd sem fjallar um mál, sem varða siðareglurnar, framkvæmd þeirra og brot á þeim, sbr. enn fremur 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglna, hér á undan. Er forsætisnefnd þar ekki bundin af því erindi sem fyrir liggur í málinu. Sú skylda hvílir því á forsætisnefnd að afmarka grundvöll málsins gagnvart þeim þingmanni sem erindið beinist að. Í því felst nánar að lýsa málavöxtum að því marki sem slíkt skiptir máli við afmörkun á háttarni þingmannsins og með hliðsjón af þeim lýsingum hvort háttarnið geti falið í sér brot á tilgreindum ákvæðum siðareglnanna. Í samræmi við orðalag erindisins, dags. 3. desember 2018, byggir forsætisnefnd mál þetta á umfjöllun fjölmíðla eins og rakið er í næstu köflum.

### 4. Málavextir.

Miðvikudaginn 28. nóvember 2018, kl. 18:30, hóf vefútgáfa vikublaðsins DV umfjöllun um háttarni þitt og AKÁ, BÓ, GBS, KHG og SDG á veitingastofunni Klaustri

20. nóvember 2018, byggða á hljóðupptökum af samtölum ykkar. Skömmu síðar, kl. 19:10 sama dag, hóf vefútgáfa vikublaðsins Stundarinnar umfjöllun sína byggða á sömu hljóðupptökum. Umfangsmikil umfjöllun varð um málið sama dag og næstu daga í þessum sem og í öðrum fjöldum. Ær þar almennt vísað til hljóðupptaka sem borist hefðu Stundinni og DV frá ónafngreindum einstaklingi, sem síðar kom fram undir nafni 7. desember 2018. Í umfjöllun miðlanna eru ýmist tekin beint upp ummæli ykkar, lýst efni samtalanna, þátttöku þinni í þeim og þeirra sem viðstaddir voru og greint frá viðbrögðum þínum og umræddra þingmanna. Vefritið Kvennablaðið hefur í umfjöllun sinni einnig tekið beint upp og rakið ummæli þín og annarra þingmanna umrætt sinn í útgáfum sínum 29. nóvember til 7. desember sl. Í umfjöllun annarra fjöldi er einnig greint frá viðbrögðum einstaklinga sem fjallað er um á upptökunum og leitað álits annarra stjórnámamanna og fræðimanna á hátterni þínu og umræddra þingmanna. Með bréfi þessu fylgja útprentaðar umfjallanir fjöldi, sem vísað er til í bréfi þessu.

Eins og áður segir byggir umfjöllun fjöldi lanna á áðurnefndum hljóðupptökum. Um er að ræða sjö hljóðskrár sem samanlagt eru þrjár klukkustundir 42 mínútur og 55 sekúndur. Ekki kemur fram hvenær upptökurnar hefjist eða ástæða þess að þær eru í sjö skrám. Ekki er hægt að fullyrða að þær taki hver við af annari og geymi þannig samfellda upptöku. Þá kemur ekki heldur fram hvenær þeim ljúki. Í lok VI. hljóðskrár, kemur fram að þú, ásamt KGH, yfirgefir veitingastofuna Klaustur, en eftir sitji SDG, GBS og BÓ. Jafnframt má ráða að AKÁ yfirgefi staðinn á sama tíma.

Skrifstofa Alþingis hefur látið vélrita upp upptökurnar og voru þær afhentar þér með bréfi, dags. 4. febrúar 2019. Í tilefni athugasemda þinna við uppritunina var hún yfirfarin á ný. Sú yfirferð leiddi ekki til efnisbreytinga á uppritun hljóðupptakanna nema að einu leyti er varðar tiltekin ummæli BÓ. Lýsing á málavöxtum byggir á umfjöllun í vefútgáfu vikublaðsins Stundarinnar, vefútgáfu vikublaðsins DV og vefritinu Kvennablaðið, nema annars sé getið. Hljóðupptökurnar sem slíkar eru ekki lagðar til grundvallar við afmörkun málsins. Uppritun þeirra þjónar þeim eina tilgangi að sannreyna hvort við umfjöllun fjöldi um einstök ummæli sé vikið efnislega frá hljóðupptökunni.

Til viðbótar við framangreint liggur fyrir að í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, 19. desember 2018 í máli nr. V-17/2018, þar sem fjallað var um kröfu AKÁ, BÓ, GBS og SDG á hendur BH, um að fram fari vitnaleiðslur og öflun sýnilegra sönnunargagna um atvik sem urðu 20. nóvember 2018 á veitingastofunni Klaustri, er rakið að í kröfu sóknaraðila komi fram að nefndir þingmenn hafi setið á veitingastofunni „á bilinu frá 18:45, 20. nóvember sl. til 01:00 aðfaranótt 21. nóvember“. Þann 20. nóvember sl. var þingfundur slitið kl. 21:36. Ljóst er að á veitingastofunni Klaustri sátu þáverandi formaður og varaformaður þingflokkss Flokks Fólksins og formaður, varaformaður og ritari þingflokkss Miðflokkssins auk formanns flokksins. Af umfjöllun Kvennablaðsins 30. nóvember 2018 „*Spillingin heitir tryggð*“<sup>1</sup>, þar sem rakin eru ummæli á hljóðskrám I-VI, má ráða að meginnefni

<sup>1</sup> <https://kvennabladid.is/2018/11/30/spillingin-heitir-tryggd/>

umræðunnar hafi snúist um að fá þig og Karl Gauta Hjaltason til liðs við þingflokk Miðflokkssins.

## 5. Meint framganga þín með vísan til siðareglna.

Í máli þínu reynir annars vegar á hvort ummæli, sem eftir þér hafa verið höfð í fjöldum, hafi mögulega falið í sér brot á siðareglum fyrir alþingismenn og hins vegar hvort þú hafir, með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, sem mögulega teljast brot á siðareglunum, ekki sýnt frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

*Einstök ummæli.*

Í umfjöllun DV 29. nóvember sl., kl. 16:12, „Ólafur segist hafa sagt „aunt“ en ekki „cunt“<sup>2</sup> er vísað til ummæla þar sem þú viðhefur orðaleik í samtali á veitingastofunni Klaustri. Í sömu frétt leiðréttir þú þessi ummæli. Ekki er ástæða til þess að rekja þessi ummæli þín nánar. Með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn er það mat forsætisnefndar að ummælin gefi ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglanna þar sem þau eru óljós og hafa auk þess verið leiðrétt.

*Frumkvæði að stuðningi við siðareglur.*

Í máli þínu reynir á hvort þú hafir með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, sem mögulega teljast andstæð siðareglum fyrir alþingismenn, ekki sýnt frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Þær umfjallanir fjöldla sem hér koma til skoðunar eru eftirfarandi:

- a. Í umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember sl., kl. 19:05, „Þingmaður Miðflokkssins kallar Ingu Sæland „húrrandi klikkaða kuntu“<sup>3</sup>, er fjallað um ummæli BÓ um Ingu Sæland. Sömu ummæli er einnig að finna í umfjöllun DV 28. nóvember sl., kl. 20:09, „Kölluðu Ingu Sæland klikkaða kuntu – „Hún getur grenjað um þetta, en getur ekki stjórnað“<sup>4</sup> og í Kvennablaðinu 3. desember sl., „Don't be an economic girlie man, sagði hann líka, sko!“<sup>5</sup>
- b. Umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember sl., kl. 12:14, „Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér“<sup>6</sup> en þar eru rakin ummæli GBS og BÓ um samskipti þeirra við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Sjá hér einnig umfjöllun um sömu ummæli í Kvennablaðinu 29. nóvember sl., „Gunnar Bragi sagðist myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig

<sup>2</sup> <https://www.dv.is/frettir/2018/11/29/hlustadu-leyniuptokuna-olafur-segist-hafa-sagt-aunt-en-ekki-cunt/>

<sup>3</sup> <https://stundin.is/grein/7936/thingmadur-midflokkssins-kallar-ingu-saeland-hurrandi-klikkada-kuntu-upptoku/>

<sup>4</sup> <https://eyjan.dv.is/eyjan/2018/11/28/kolludu-ingu-saeland-klikkada-kuntu-hun-getur-grenjad-um-thetta-en-getur-ekki-stjornad/>

<sup>5</sup> <https://kvennabladid.is/2018/12/03/dont-be-an-economic-girlie-man-sagdi-hann-lika-sko/>

<sup>6</sup> <https://stundin.is/grein/7946/haeddust-ad-metoo-sogum-og-sogdu-albertinu-hafa-reynt-ad-naudga-ser/>

*aðstæður*<sup>7</sup> og í Kjarnanum 29. nóvember sl., „Albertína Friðbjörg segist kjaftstopp yfir lygasögum þingmanna um hana“<sup>8</sup> þar sem sömu ummæli eru tekin upp og rakin.

- c. Umfjöllun DV 29. nóvember sl., kl. 13:11: „Hlustaðu á þingmenn gera grín að Freyju Haralds – Hermdi eftir sel“<sup>9</sup> þar sem rakin eru ummæli sem fóllu um Freyju Haraldsdóttur.
- d. Umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember sl., kl. 22:25, „Þingmenn úthúðuðu stjórnmálakonum: „Hún er miklu minna hot i ár“<sup>10</sup> þar sem rakin eru ummæli BÓ um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum.
- e. Umfjöllun Stundarinnar 3. desember sl., kl. 15:20, „Gunnar Bragi hafði heimilisofbeldi í flimtingum: „Já sundkellingin þarna, voruð þið að lemja hana? Hahaha!“<sup>11</sup> þar sem rakin eru ummæli um meint heimilisofbeldi fyrrverandi þingmanns.

Ekki liggur annað fyrir en að þú hafir verið viðstaddir þegar framangreind ummæli fóllu á veitingastofunni Klaustri.

Samkvæmt 6. gr. síðareglna fyrir alþingismenn koma meginreglur um hátterni þingmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr. til sérstakrar athugunar þegar erindi berast um brot á síðareglum fyrir alþingismenn. Ákvæði 5. gr. síðareglanna eru svohljóðandi:

#### 5. gr.

Alþingismenn skulu sem þjóðkjörnir fulltrúar:

- a. rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika,
- b. taka ákvarðanir í almannapágu,
- c. ekki kasta rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni,
- d. leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbrigtr starfsumhverfi innan þings sem utan og hvarvetna þar sem þeir sinna störfum sínum þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annari vanvirðandi framkomu,
- e. nýta þá aðstöðu sem þeim er veitt við störf sín með ábyrgum hætti,
- f. ekki nýta opinbera stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðra,
- g. greina frá öllum hagsmunum sem máli skipta og varða opinbert starf þeirra og leggja sig fram um að leysa úr árekstrum sem upp kunna að koma með almannahag að leiðarljósi,
- h. efla og styðja grundvallarreglur þessar með því að sýna frumkvæði og fordæmi.

<sup>7</sup> <https://kvennabladid.is/2018/11/29/thingmadur-segist-myndu-saka-thingkonu-um-naudgunartilraun-ef-verda-thannig-adstaedur/>

<sup>8</sup> <https://kjarninn.is/frettir/2018-11-29-albertina-fridbjorg-segist-kjaftstopp-yfir-lygasogum-thingmanna-um-hana/>

<sup>9</sup> <https://www.dv.is/frettir/2018/11/29/leyniupptaka-hlustedu-thingmenn-gera-grin-ad-freyju-haraldis-hermdi-eftir-sel/>

<sup>10</sup> <https://stundin.is/grein/7937/>

<sup>11</sup> <https://stundin.is/grein/7984/hofdu-heimilisofbeldi-i-flimtingum-ja-sunddrottninguna-vorudi-ad-lemja-hana-hahaha/>

Við upphaf þingsetu sinnar skulu alþingismenn afhenda forseta Alþingis undirritaða yfirlýsingum um að þeir hafi kynnt sér siðareglur þessar. Sama gildir um varaþingmenn.

Þær meginreglur sem einkum koma til skoðunar við mat á framangreindu hátterni þínu er h-liður 1. mgr. 5. gr. sem og 7. gr. siðareglnanna sem hljóðar þannig:

7. gr.

Þingmenn skulu í öllu hátterni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu.

Eins og rakið er í skýringum við 7. gr. siðareglnanna býr sá tilgangur að baki ákvæðinu að vernda orðspor Alþingis. Er nefnt sem dæmi að þar geti fallið undir að kasta rýrð á Alþingi með „háttarni sem telst ósiðlegt eða ólögmætt eða er talið óviðeigandi af hálfa þingsins.“ Er í skýringunum vísað almennt til þess að um geti verið að ræða „framkomu sem er í andstöðu við skyldur þjóðkjörinna fulltrúa sem starfa í almannabágu. Hér undir getur til að mynda fallið ósæmileg framkoma eða endurtekin vanvirðing er lýtur að kynferði, kynþætti eða trúarbrögðum ...“

Að mati forsætisnefndar kemur til skoðunar að líta á hátterni þitt sem meint brot á hátternisskyldu 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og að þá komi til sérstakrar athugunar h-liður 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Hefur forsætisnefnd þá í huga að alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi og háttsemiskröfur siðareglnanna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Er þá horft til þess að þú hafir á meðan á þeim umræðum stóð, þar sem ummæli féllu sem vísað er til í staflidum a-e hér að framan, mögulega sýnt af þér ósæmilega framkomu með því að láta hjá líða að hafa áhrif á framgang þeirra og þar með ekki sýnt frumkvæði og fordæmi við að stöðva þær eins og leiða má af h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglnanna.

## 6. Óskað skýringa.

Það er mat forsætisnefndar að málavextir eins og þeir hafa verið raktir hér á undan gefi tilefni til nánari athugunar. Með vísan til 1. mgr. 8. gr. málsméðferðarreglna skal upplýst að forsætisnefnd hefur til skoðunar að fjalla um meint brot þitt á 7. gr. siðareglna, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Með vísan til 2. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. málmeðferðarreglna er þess óskað að þú sendir forsætisnefnd skýringar þínar og athugasemdir við grundvöll málsins eins honum hefur verið lýst hér að framan. Er þess óskað að athugasemdir þínar berist forsætisnefnd eigi síðar en kl. 16 föstudaginn 3. maí nk. Að fengnum skýringum þínum mun forsætisnefnd meta sjálfstætt hvort tilefni sé til þess að óska álits siðanefndar, sbr. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 1. mgr. 4. gr. málsméðferðarreglna.

Hafir þú að öðru leyti athugasemdir við efni bréfs þessa eða upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir umfjöllun forsætisnefndar er þess óskað að þær berist nefndinni fyrir nefnt tímamark.

## 7. Um stöðu málsins og framhald.

Eins og rakið er hér að framan liggur fyrir álit siðanefndar um gildissvið siðareglna fyrir alþingismenn og afstaða forsætisnefndar til þess. Með bréfi þessu er þér gefinn kostur á að koma að skýringum þínum og upplýsingum um grundvöll málsins eins og hann hefur verið afmarkaður með hliðsjón af einstökum ummælum þínum og málavöxtum að öðru leyti, sbr. 8. gr. málmeðferðarreglna og 2. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Að fengnum skýringum þínum og upplýsingum mun forsætisnefnd taka afstöðu til svara þinna og meta hvort tilefni sé til þess að leita álits siðanefndar eða ljúka málínú þá þegar. Verði niðurstaðan að leita álits siðanefndar mun forsætisnefnd upplýsa þig um það. Að því búnu mun forsætisnefnd taka endanlega ákvörðun í málínú að fengnum athugasemdum þínum, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna. Til viðbótar því sem hér er rakið skal áréttar að þú átt ávallt kost, meðan mál þitt er til umfjöllunar hjá forsætisnefnd, að koma á framfæri sjónarmiðum þínum og upplýsingum, sbr. 3. mgr. 17. gr. siðareglnanna. Um niðurstöðu álits forsætisnefndar, tilkynningu þess og birtingu, fer eftir 19. gr. siðareglnanna.

Til viðbótar framangreindu vill forsætisnefnd upplýsa að með vísan til persónulegra ástæðna þarf Ásta R. Jóhannesdóttir að víkja tímabundið úr siðanefndinni. Varamaður hennar, Jón Kristjánsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, mun því taka sæti formanns í siðanefndinni, komi til þess að málínú verði vísað til hennar. Hafir þú athugasemdir við hæfi Jóns til setu í siðanefnd er þess óskað þær berist samhliða athugasemdum um afmörkun málsins.

Skimmt P.A.M.